

Nd.

187. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir fallist á efni frv. þessa í aðalatriðum, en vill gera nokkrar frekari breytingar á lögnum um ríkisskuldabréf. Eru aðalbreytingarnar tvær, hin fyrri þess efnis, að stjórnin ákveði nafnverð hinna einstöku brjefa og vaxta-

fót, í stað þess að þetta er nú einskorðað í lögum. Síðari breytingin er efnis-
meiri og fer fram á, að skuldabréfin skuli jafnan vera útdráttarbrjef, sem þýðir
það, að rikissjóður greiðir árlegar afborganir af skuldum þeim, sem hann stofnar
með sölu brjefanna, en eins og ákvæðin eru í núgildandi lögum, er gert ráð fyr-
ir sem meginreglu, að hver skuld verði greidd öll í einu eftir 25 ár. Þykir hag-
kvæmara, bæði fyrir rikissjóð og eigendur brjefanna, að árlegur útdráttur á til-
teknum hluta upphæðarinnar fari fram en að brjefin öll bíði innlausnar til loka
tímabilsins, m. a. verða brjefin veðhæfari og seljanlegri, og þessi tilhögun er
tiðkanleg hjer um önnur lík skuldabréf.

En að öðru leyti vill nefndin láta uppi það álit sitt, að meðan fjárhagur
rikissjóðs er svo þröngur sem nú er orðið, þá megi landsstjórnin alls ekki nota
heimildir þær til verklegra framkvæmda fyrir lánsfje, sem gefnar eru í simalög-
unum frá 1913 og 1917, lögum um húsagerð rikisins, frá 1919,^o og lögum um
brúargerðir, frá sama ári, og öðrum hliðstæðum lögum, nema fje sje veitt eða
heimilað til framkvæmdanna í fjárlögum. Kom til tals í nefndinni að flytja frv.
til laga um að fella úr gildi um stundarsakir þessar heimildir til framkvæmda
fyrir lánsfje, en hitt varð ofan á, að nægja mundi að taka þetta fram í nefndar-
áliti, ef stjórnin vill lýsa yfir því, að hún taki þessa ákvörðun nefndarinnar til
greina og muni fara eftir henni. Í trausti þess, að stjórnin gefi slíka yfirlýsingu,
leggur nefndin til, að frv. á þskj. 74 verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð
þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október
og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, er verður 2. grein, svo hljóðandi:

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út
(innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð i hlutfalli við skuldabréfaupphæðina,
sem í umferð er sett, þannig, að skuldabréfin sjeu öll innkölluð og innleyst
í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett
í umferð.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með
reglugerð.

3. Við 2. gr. Greinin orðast svo:

7. gr. laganna er úr gildi numin.

Greinatala laganna breytist eftir því, sem fer um atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 20. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari.

Jón A. Jónsson,
frsm.

Sveinn Ólafsson.

Aug. Flygenring,

Halldór Stefánsson.

Jakob Möller,
með fyrirvara.